

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar þriðjudaginn 25. september 2018 klukkan 10.00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins

- Stjórnarkjör.
- Tillaga að nýrri starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga að reglum um tilnefningarnefnd í starfsreglum stjórnar.
- Tillaga að nýrri samkeppnisstefnu félagsins.
- Tillaga að nýju nafni N1 hf.
- Önnur mál.

Nánar um dagskrá fundarins:

Á aðalfundi N1 sem haldinn var 19. mars 2018 var samþykkt að stytta kjörtímabil þeirrar stjórnar sem kjörin var á aðalfundinum þannig að kjörtímabilið myndi ljúka innan átta vikna frá fullnustu kaupsamnings um kaup N1 á Festi hf. en gengið verður endanlega frá kaupunum 31. ágúst. Verður kjörin stjórn á fundinum sem sitja mun til aðalfundar 2019.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9.00-16.00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 20. september 2018.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 þriðjudaginn 11. september 2018. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 20. september 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Allir núverandi stjórnarmenn félagsins hafa þegar gefið kost á sér til endurkjörs. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 9.30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

Stjórn N1 hf.